

## REGLUGERÐ

### um bann við rækjuveiðum í Kolluál.

#### 1. gr.

Frá og með kl. 21.00, 10. apríl 1995 eru allar rækjuveiðar án seiðaskilju bannaðar á svæði á Kolluál, sem markast af eftirgreindum punktum:

1. 64°47'N - 24°28'V
2. 64°35'N - 24°28'V
3. 64°35'N - 25°15'V
4. 64°41'N - 25°15'V
5. 64°41'N - 25°00'V
6. 64°48'N - 24°48'V

Bil á milli rimla í seiðaskiljunni skal vera mest 22 mm. Skiljunni skal koma fyrir í belg vörpunnar með 45-50 gráðu halla þannig að neðri kantur skiljunnar nái lengra fram. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur skilst út.

#### 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. apríl 1995.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*